# Grænt bókhald 2014



Urðun í Stekkjarvík.

**Norðurá bs., Stekkjarvík, 541 Blönduós**

# Efnisyfirlit


**1.1 Yfirlýsing og áritun stjórnar........................................................ bls. 4**

**1.2 Áritun óháðs endurskoðanda........................................................ bls. 5**

**2.1 Starfsleyfi........................................................................................ bls. 6**

**2.2 Starfsstöð........................................................................................ bls. 6**

**2.3 Fyrirtækjaflokkur........................................................................... bls. 6**

**2.4 Bókhald............................................................................................ bls. 6**

**3.1 Helstu áhrifaþættir í umhverfismálum...................................... bls. 7**

**3.2 Sorpmagn á árinu 2014.................................................................. bls. 7**

**3.3 Efni í yfirlag á urðunarhólfi........................................................ bls. 8**

**4.1 Vöktun umhverfisþátta við urðunarstaðinn í Stekkjavík 2014 bls. 8**

**4.2 Niðurstöður mælinga.................................................................... bls.10**

**4.3 Grunnvatnsstaða............................................................................ bls.12**

**4.4 Veðurathuganir.............................................................................. bls.13**

**4.5 Sigvatnsmælingar.......................................................................... bls.14**

**4.6 Akstur með sorp............................................................................. bls.14**

**4.7 Orkunotkun..................................................................................... bls.16**

**5.1 Framkvæmdir 2014......................................................................... bls.17**

**6.1 Skýrsla um gasmælingar 2014..................................................... bls.17**

## Norðurá bs.

## Grænt bókhald 2014

### 1.1 Yfirlýsing og áritun stjórnar

Norðurá bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna Svf. Skagafjarðar, Akrahrepps, Blönduósbæjar, Svf. Skagastrandar, Skagabyggðar og Húnavatnshrepps og hefur aðsetur í Stekkjarvík, 541 Blönduós. Starfssemi félagsins fer fram í Stekkjarvík norðan við Blönduós og felst í móttöku og urðun á sorpi sem þangað er flutt frá umræddum sveitarfélögum auk allra sveitarfélaga við Eyjarfjörð samkvæmt samningi við þau. Sveitarfélögin reka gámastöðvar hvert í sinni byggð og annast flokkun sorps og flutning þess til urðunarstaðar. Sorpsamlag Þingeyinga ehf. á Húsavík hefur hætt brennslu og keyrir úrgangi í urðun í Stekkjarvík.

Starfssemin hófst í ársbyrjun 2011 og er þetta fjórða starfsárið sem skilar grænu bókhaldi. Fyrirtækið starfar samkvæmt starfsleyfi sem útgefið var þann 26. nóvember 2010 og gildir til 26. nóvember 2026. Fyrirtækið hefur leitast við að fylgja góðum umgengnisreglum í hvívetna og efla upplýsingakerfi sitt sem grunn að grænu bókhaldi þannig að ávallt liggi fyrir sem ítarlegastar upplýsingar um umhverfisáhrif starfseminnar. Stjórn Norðurár bs staðfestir hér með grænt bókhald 2014 með áritun sinni.

Blönduósi, 26/2 2015.

Í stjórn Norðurár bs.

Magnús B. Jónsson

Sigurjón Þórðarson (?)

Gísli Árnason

## 1.2. Áritun óháðs endurskoðanda

Við höfum endurskoðað skýrslu Norðurár bs. um grænt bókhald fyrir árið 2014. Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórn félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Megintilgangur með endurskoðun okkar hefur verið að meta hvort skýrsla félagsins um grænt bókhald samræmist þeim kröfum sem gerðar eru í íslenskri löggjöf, þar með talið:

- Hvort upplýsingarnar séu í samræmi við fjárhagsbókhald fyrirtækisins og þær tölur sem sendar eru þeim aðila sem hefur eftirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga.
- Að kanna hvort skilyrðum í lögum og reglum varðandi innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að skýrsla um grænt bókhald sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, spruningar til starfsmanna félagsins, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingar sem fram koma í skýrslunni. Í enurskoðuninni felst jafnframt mat á þeim aðferðum sem notaðar eru við gerð skýrslunnar.

Það er álit okkar að skýrsla Norðurár bs. um grænt bókhalds á árinu 2014 sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og að tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Sauðárkróki, 26 / 2 2015.

KPMG ehf.
Kristján Jónasson

## 2.1 Starfsleyfi

Núgildandi starfsleyfi er gefið út af Umhverfisstofnun þann 26. nóvember 2010 og gildir til 16 ára, til 26. nóvember 2026. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsseminni samkvæmt starfsleyfi. Samkvæmt starfsleyfinu er heimilt að taka við öllum meðhöndluðum úrgangi öðrum en spilliefnum.

## 2.2 Starfsstöð

Starfsemi fyrirtækisins fer fram í Stekkjarvík norðan við Blönduós. (sjá afstöðumynd)




**Grunnmynd heildarhólfs, vegur, aðkoma, fráveita og þjónustuplan í Stekkjarvík**. *Efla, janúar 2010.*

## 2.3 Fyrirtækjaflokkur

Starfssemi fyrirtækisins er urðun úrgangs og fellur því undir flokk 5.4 skv. reglugerð um grænt bókhald nr. 851/2002.

## 2.4 Bókhald

Bókhaldstímabilið nær yfir 1. janúar 2014 - 31. desember 2014.

## 3.1 Helstu áhrifaþættir í umhverfismálum

Starfssemi Norðurár bs. er eingöngu bundin við urðunarstaðinn í Stekkjarvík og er afmörkuð við hann. Ferlið er þannig að flutningatækin eru vigtuð þegar þau koma lestuð, farmurinn er skilgreindur og ekið að urðunarhólfi og þau losuð. Að losun lokinni eru þau vigtuð aftur. Allar vigtanir eru skráðar og haldið utan um mismunandi flokka. Sorpinu er þjappað í urðunarhólfinu með troðara og er hulið með jarðvegi. Helstu áhrifaþættir í umhverfismálum eru því einkum þrír:

1. Sorpmagn
2. Losun mengunarefna frá urðunarstað
3. Gaslosun

## 3.2 Sorpmagn á árinu 2014

Á árinu 2014, fjórða starfsári var tekið á móti 16.088 tonnum af sorpi, á þriðja starfsári var tekið á móti 14.508 tonnum, á öðru starfsári var tekið á móti 12.342 tonnum en á fyrsta starfsári voru urðuð 8.882 tonn af úrgangi í Stekkjarvík. Aukningin á milli áranna 2013-2014 er 11%. Heimilt er að taka á móti allt að 21.000 tonn á ári og var sorpmagnið 77% af leyfðu magni á síðasta starfsári. Helsta breyting á milli ára felst í að hafin var móttaka sorps frá Sorpsamlagi Þingeyinga á Húsavík. Samtals hefur því verið tekið við 51.820 tonnum í Stekkjarvík frá árinu 2011.

Niðurstöður sorpmagns eftir sorpflokkum eru birtar í töflu 1.

| Flokkur | Kg - 2013 | Kg - 2014 | Br. milli ára í % | Lýsing |
|---|---|---|---|---|
| R01 | 7.463.354 | 7.751.608 | 3,9% | Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum |
| H01 | 3.636.651 | 4.076.225 | 12,1% | Blandaður úrgangur frá sveitarfélögum |
| R06 | 32.138 | 129.633 | 303,4% | Veiðarfæri |
| R07 | 73.170 | 279.984 | 282,6% | Plast |
| | 5.770 | | | Grófur plastúrgangur, fiskikör o.þ.h. |
| R09 | 58.327 | 87.335 | 49,7% | Úrgangur frá meðferð og vinnslu kjöts og fisks |
| H02 | 220.730 | 232.090 | 5,1% | Stór húsgögn, dýnur, grófur timburúrgangur |
| R10 | 4.753 | 62.960 | 1224,6% | Asbest |
| R04 | 327.990 | 520.760 | 58,8% | Spænir, bútar, ónýtt timbur |
| R08 | 183.620 | 134.950 | -26,5% | Blandaður úrgangur úr sandföngum og olíuskiljum |
| | 6.470 | | -100,0% | Ketilryk/kolasalli |
| R05 | 195.440 | 86.860 | -55,6% | Eðja frá rotþróm og skolphreinsun |
| | 0 | | | Pappírs og pappaumbúðir |
| H03 | 1.900 | 35.780 | 1783,2% | Úrgangur sem brotnar niður, lífrænn garðaúrgangur |
| R11 | 66.330 | 157.990 | 138,2% | Úrgangur úr blandaðri byggingarstarfssemi |
| R03 | 2.223.834 | 2.087.707 | -6,1% | Sláturúrgangur |
| R02 | | 438.330 | | Dýrahræ |
| | 7.920 | | -100,0% | Skel og annar úrgangur frá rækjuvinnslu |
| Annað | | 6.070 | | Annað |
| | **14.508.397** | **16.088.282** | 10,9% | **Kg. Samtals** |

Tafla 1. Niðurstöður sorpmagns eftir sorpflokkum.

## 3.3 Efni í yfirlag á urðunarhólfi

Á árinu 2014 var notuð möl til yfirlags yfir sorp í urðunarhólfinu. Samkvæmt starfsleyfi er skylt að birgja úrgang daglega sem settur hefur verið í urðunarhólf. Magn malarefnis árið 2014 var **9.119 m³**. Þá var farin sú leið að taka á móti grasi til uppgræðslu mela með þekjulagi. Tekið var á móti **139,4. tonnum** af grasi.

## 4.1 Vöktun umhverfisþátta við urðunarstaðinn í Stekkjavík fyrir árið 2014

*Samantekt Steinunnar Hjartardóttur, heilbrigðisfulltrúa hjá Heilbrigðiseftirliti Nl. vestra.*

# Vöktun umhverfisþátta við urðunarstaðinn Stekkjarvík fyrir árið 2014

Urðunarstaðurinn í Stekkjarvík tók á móti rúmlega 16.000 tonnum af úrgangi árið 2014. Sýni voru tekin 29. apríl 2014 og 16. september 2014 skv. mælingaáætlun sem gefin er upp í starfsleyfi og samkvæmt hnitum frá ráðgjafaþjónustunni Eflu ehf.




Mælingabrunnar merktir skv. sýnatökuáætlun Eflu ehf.

**Sýnataka 29. apríl 2014**

Sýni voru tekin heilbrigðisfulltrúunum Sigríður Hjaltadóttur og Sigurjóni Þórðarsyni úr brunni Br5 en brunnur Br1 fyrir ofan hreinsivirki var þurr svo ekki var tekið sýni þar. Fylgt var leiðbeiningar frá verkfræðistofunnar Eflu ehf. frá 11.1. 2011 eins og kostur var.

Staða grunnvatns í brunni MG1 ofan urðunarstaðar var 98 cm og vatnshiti 3,2 °C og í brunni MG2 var hæð grunnvatns 105 cm og vatnshiti 3,8 °C. Á meðan sýnatöku stóð var sól og léttskýjað, þurrt og vindur 7 m/sek og hiti 8°C.

**Sýnataka september 2014**

Sýnataka fór fram þann 16. september 2014. Á meðan sýnatöku stóð var sól og vindur 4 m/sek að norðvestan og hiti 11 °C. Heilbrigðisfulltrúarnir Sigríður Hjaltadóttir og Sigurjón Þórðarson tóku sýnin ásamt umsjónarmanni urðunarstaðarins Fannari Viggóssyni. Sýni voru tekin á sjö mælistöðvum á: DY1, DY2, MG3, MG1, BR4, BR6 og SS.

| Mælistöð | Tímasetning | Hitastig | Grunnvatnshæð | Rennsli |
|---|---|---|---|---|
| DY1 | 12:51 | 8,6 °C | | |
| DY2 | 12:25 | 8,9 °C | | |
| MG3 | 15:23 | 8,6 °C | Ekki brunnur – heldur lækur | 2 l/sek |
| MG1 | 15:45 | 8,6 °C | 96 sm | |
| BR4 | 14:24 | 9,6 °C | | 0,2 l/min |
| BR6 | 15:04 | 10,6 °C | | |
| SS | 14:19 | Á ekki við | | |

Mælistöð MG2 var þurr.

Mælistöð MG1, mælibrunnur grunnvatns fyrir ofan urðunarstað en þar mældist hæð grunnvatns 96 sm og hitastig 8,6 °C.

Mælistöðvarnar voru valdar í samræmi við leiðbeiningar frá verkfræðistofunnar Eflu ehf. þ.e. fyrir ofan og neðan hreinsivirki. Fylgt var sömu leiðbeiningum og áður.

Á meðan sýnatöku stóð var sól og vindur 4 m/sek og lofthiti 11 °C.

Öll sýnin voru send til Matís sem mældi COD, Leiðni og pH, en aðrar mælingar voru framkvæmdar hjá ALS Scandinavia AB í Svíþjóð.

## Botnset úr fjöru, mst. SS

| | 09/2014 |
|---|---|
| | |
| DW105°C | 85,3 |
| AOX | 57 |
| | |
| DW105°C | 86,1 |
| As | 2,41 |
| Cd | 0,0243 |
| Cr | 2,95 |
| Cu | 43,6 |
| Hg | <0,04 |
| Ni | 9,76 |
| Pb | 0,56 |
| Zn | 24,7 |

## Niðurstaða mælinga í mælibrunnum fyrir ofan og neðan hreinsivirki.

| | | apríl | | september | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | BR1 | BR5 | BR6 | BR4 |
| Mæliþáttur | | Þurr | | | |
| Súrefnisþörf (COD) | mg/l | | 1000 | 2200 | 580 |
| Leiðni | | | 3,5 | 6300 | 1900 |
| Sýrustig | | | 6,7 | 7,6 | 7,3 |
| Uppleyst lífrænt kolefni (DOC) | mg/l | | 262 | 699 | 43 |
| Nítur $N_{(heildar)}$ | mg/l | | 181 | 274 | 66,2 |
| Ammoníak $NH_4^+$ | mg/l | | 275 | 334 | 70,4 |
| Nítrat $NO_3^-$ | mg/l | | <2,00 | <2,00 | <2,00 |
| fosfór $P_{Heildar)}$ | mg/l | | 6,44 | 3,03 | 1,35 |
| Lífræn halogen (AOX) | mg/l | | 0,075 | 0,247 | 0,13 |
| Klór $Cl^-$ | mg/l | | 392 | 894 | 169 |
| Flúor $F^-$ | mg/l | | <0,200 | 0,26 | 0,215 |
| Súlfat $SO_4^{--}$ | mg/l | | 11,4 | <5,00 | 22,6 |
| Járn Fe | mg/l | | | 25,1 | 4,04 |
| Fenoltala | mg/l | | 0,424 | 3,12 | 1,44 |
| Blý Pb | µg/l | | 0,698 | 0,922 | <0,5 |
| Kvikasilfur Hg | µg/l | | <0,02 | 0,0228 | <0,02 |
| Cadmíum Cd | µg/l | | 0,218 | <0,05 | <0,05 |
| Króm Cr | µg/l | | 16,7 | 37,2 | 7,2 |
| Kopar Cu | µg/l | | 6,32 | 15,9 | 14,2 |
| Sink Zn | µg/l | | 38,1 | 62,2 | 25,6 |
| Arsen As | µg/l | | 2,51 | 10,4 | 3,73 |
| Nikkel Ni | µg/l | | 15,2 | 32,5 | 7 |
| Baríum Ba | µg/l | | 22,2 | 46,3 | 14,9 |
| Mólýbden Mo | µg/l | | 0,628 | 0,711 | 0,645 |
| Antimon Sb | µg/l | | 0,856 | 1,05 | <0,5 |
| Selen Se | µg/l | | <3 | <3 | <3 |
| Tin Sn | µg/l | | 1,32 | 1,31 | 0,927 |
| tot ext aliphats (Olía/fita) | mg/l | | 4,49 | 17,9 | 8,37 |
| unpolar aliphats (Olía/fita) | mg/l | | 0,021 | 0,25 | 0,22 |
| tot ext aromat | mg/l | | 4,13 | 10,7 | 1,08 |
| benzen(BTEX) | µg/l | | <2,00 | <0,20 | <2,00 |
| toluen (BTEX) | µg/l | | 2730 | 260 | 50,3 |
| etylbenzen (BTEX) | µg/l | | 3,18 | 0,4 | <0,20 |
| xylen sum (BTEX) | µg/l | | 20 | 1,1 | 0,24 |
| m-p-xylene | µg/l | | 14,3 | 0,66 | 0,24 |
| o-xylene | µg/l | | 5,74 | 0,43 | <0,20 |

**Niðurstöður mælinga úr lék, norðan Stekkjarv.**

| DY1 | | h2014 |
|---|---|---|
| tot ext aliphats (Olía/fita) | mg/l | <0,10 |
| unpolar aliphats (Olía/fita) | mg/l | <0,10 |
| tot ext aromat | mg/l | <0,10 |
| DOC líf.kolefni | mg/l | 1,97 |
| Ammoníum $NH_4^+$ | mg/l | <0,050 |
| $N_{(heildar)}$ | mg/l | 0,28 |
| Nítrat $NO_3^-$ | mg/l | <2,0 |
| fosfór $P_{Heildar)}$ | mg/l | <0,10 |
| fosfat $PO_4^{3-}$ | mg/l | <0,040 |
| Lífræn halogen (AOX) | mg/l | 0,13 |
| As | µg/l | <0,5 |
| Cd | µg/l | <0,05 |
| Cr | µg/l | <0,9 |
| Cu | µg/l | <1 |
| Hg | µg/l | <0,02 |
| Ni | µg/l | <0,6 |
| Pb | µg/l | <0,5 |
| Zn | µg/l | <4 |

DY2

| | | |
|---|---|---|
| tot ext aliphats (Olía/fita) | mg/l | <0,10 |
| unpolar aliphats (Olía/fita) | mg/l | <0,10 |
| tot ext aromat | mg/l | <0,10 |
| DOC líf kolefni | mg/l | 1,89 |
| Ammoníum $NH_4^+$ | mg/l | <0,050 |
| $N_{(heildar)}$ | mg/l | 0,25 |
| Nítrat $NO_3^-$ | mg/l | <2,0 |
| fosfór $P_{Heildar)}$ | mg/l | <0,10 |
| fosfat $PO_4^{3-}$ | mg/l | <0,040 |
| Lífræn halogen (AOX) | mg/l | 0,014 |
| As | µg/l | <0,5 |
| Cd | µg/l | <0,05 |
| Cr | µg/l | <0,9 |
| Cu | µg/l | <1 |
| Hg | µg/l | <0,02 |
| Ni | µg/l | <0,6 |
| Pb | µg/l | <0,5 |
| Zn | µg/l | <4 |

## Mælingar á grunnvatni.

MG1 ofan

| | | H2014 |
|---|---|---|
| Ammoníum $NH_4^+$ | mg/l | 0,216 |
| Nítrat $NO_3^-$ | mg/l | <2,00 |
| fosfór $P_{Heildar)}$ | mg/l | 0,06 |
| fosfat $PO_4^{3-}$ | mg/l | 0,116 |
| Lífræn halogen (AOX) | mg/l | <0,010 |
| tot ext aliphats (Olía/fita) | mg/l | 0,14 |
| unpolar aliphats (Olía/fita) | mg/l | <0,10 |
| tot ext aromat | mg/l | <0,10 |
| Cd | µg/l | <0,05 |
| Hg | µg/l | <0,02 |
| Pb | µg/l | <0,5 |
| Sn | µg/l | <0,5 |

MG3 neðan

| | | |
|---|---|---|
| Ammoníum $NH_4^+$ | mg/l | <0,05 |
| Nítrat $NO_3^-$ | mg/l | <2,00 |
| fosfór $P_{Heildar)}$ | mg/l | 0,037 |
| fosfat $PO_4^{3-}$ | mg/l | 0,045 |
| Lífræn halogen (AOX) | mg/l | 0,011 |
| tot ext aliphats (Olía/fita) | mg/l | <0,10 |
| unpolar aliphats (Olía/fita) | mg/l | <0,10 |
| tot ext aromat | mg/l | <0,10 |
| Cd | µg/l | <0,05 |
| Hg | µg/l | <0,02 |
| Pb | µg/l | <0,5 |
| Sn | µg/l | <0,5 |

### Veðurathuganir

Vegna athugana á veðurfari þá daga sem sýnataka fór fram, þá vísast frekar í gögn frá Verðurstofu Íslands um veðurfar frá sjálfvirkri veðurstöð á Blönduósi dagana 29. apríl og 16. september 2014.

Sýni voru tekin á tímabilinu frá kl 11 til kl. 16 báða dagana.

Sauðárkróki 26.2.2015
Sigurjón Þórðarson og Steinunn Hjartardóttir

### 4.4 Veðurathuganir

*Stuðst er við gögn frá Veðurstofu Íslands sem byggjast á veðurathugunum á Blönduósi.*

Sýnd er vindrós fyrir tímabilið 3. september 2003-30. apríl 2012 um tíðni vindátta á Blönduósi.




Vegna athugana á veðurfari þá daga sem sýnataka fór fram vísast í gögn sem fengin voru frá Veðurstofu Íslands um veðurfar frá sjálfvirkri veðurstöð á Blönduósi.

## 4.5 Sigvatnsmælingar

Gerðar eru mánaðarlegar sigvatnsmælingar í brunnum og eru þær sýndar í meðfylgandi töflu:

| Stekkjarvík, sigvatnsmælingar | | | |
|---|---|---|---|
| **Mánuður** | **Dags** | **Brunnur nr.** | **Mæling (sl)** |
| Janúar | 31.1.2014 | Nr.6 | 0,66 |
| Febrúar | 28.2.2014 | Nr.6 | 0,4 |
| Mars | 31.3.2014 | Nr.6 | 1,0 |
| Apríl | 30.4.2014 | Nr.6 | 0,4 |
| Maí | 30.5.2014 | Nr.6 | 0,4 |
| Júní | 30.6.2014 | Nr.6 | 0,25 |
| Júlí | 31.7.2014 | Nr.6 | 0,25 |
| Ágúst | 29.8.2014 | Nr.6 | 0,2 |
| September | 30.9.2014 | Nr.6 | 0,3 |
| Október | 31.10.2014 | Nr.6 | 0,33 |
| Nóvember | 28.11.2014 | Nr.6 | 0,5 |
| Desember | 31.12.2014 | Nr.6 | 1,0 |

## 4.6 Akstur með sorp

Akstursfjarlægðir til Stekkjarvíkur eru:

| | |
|---|---|
| Blönduós | 6 km |
| Skagaströnd | 17 km |
| Sauðárkrókur | 40 km |
| Akureyri | 155 km |
| Húsavík | 245 km |



**Sláturúrgangssvæði í forgrunni en urðunarhólfið fær á myndinni.**

## 4.7 Orkunotkun

Gasolíunotkun er bundin við notkun á tækjum, sem eru þrír troðarar, jarðýta, hjólaskólfa, traktorsgrafa, fjórhjól og MMC pallbíll. Þau eru notuð til færslu á jarðvegi og undirbúning og frágang urðunarhólfs og til aðstoðar við losun farartækja þegar á þarf að halda. Olíunotkun á tækin var 25.597 lítrar, á bifreið 2.040 lítrar og fjórhjól 386 lítrar. Gasolíunotkun var því samtals 27.637 lítrar og bensín 386 lítrar. Rafmagn og vatn tengist eingöngu notkun í þjónustuhúsi, starfsmannaaðstöðu og þvottaplani.

Sundurliðun á orkunotkun í lítrum er hér að neðan ásamt vinnutímaskiptingu einstakra tækja:

### Norðurá bs Stekkjarvík 2014

| | BOMAG | hráolía | VOLVO | CAT 980B | | Efnisyfirlag | CATD7E | hráolía | FH-300 | | | CAT436B | hráolía | PC-290 | hráolía |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Troðarar | Hráolía | Aukavél | Yfirlag | Hráolía | Yfirlag | | | Aukavél | Yfirlag | Hráolía | | | Sláturúrg. | |
| | Klst | Lítrar | Klst | Klst | lítrar | m³ | Klst | lítrar | Klst | Klst | lítrar | Klst | lítrar | Klst | lítrar |
| Janúar | 86 | 1189 | 18,5 | 18,5 | 200 | 656 | | | | | | 15,5 | | 21 | 222 |
| Feb | 60 | 896 | 7,5 | 26,5 | 355 | 688 | 1 | 257 | | | | 13,5 | 67 | 8 | 251 |
| Mars | 81 | 940 | 10 | 30 | 345 | 820 | | | | 5 | | 24 | 144 | 4,5 | |
| Apríl | 86,5 | 1239 | 7,5 | 27,3 | 890 | 800 | | | | 6 | | 14,5 | | 15,5 | 210 |
| Maí | 115,5 | 1357 | 20 | 26,6 | 485 | 832 | 2 | | 16 | | 157 | 25,5 | | | |
| Júní | 113,5 | 1389 | 8 | 31,7 | 495 | 816 | 6 | | 9 | 2 | 474 | 14 | 134 | | |
| Júlí | 132 | 1865 | 15,5 | 29,5 | 694 | 1024 | 2 | | 18 | | | 15,5 | | | |
| Ágúst | 117 | 1591 | 1 | 28,5 | 256 | 795 | | | 7 | 2,5 | | 12,5 | 73 | | |
| Sept | 98 | 1289 | 44 | 17,5 | 585 | 608 | | | 33 | 2,5 | 495 | 33,5 | 134 | | |
| Okt | 96 | 1694 | 44,5 | 22 | 575 | 652 | | | 39,5 | 6 | 299 | 41 | 140 | | |
| Nóv | 88 | 1033 | 32 | 29,5 | 627 | 672 | | | 19 | 3 | 211 | 15 | | | |
| Des | 66 | 1272 | 16 | 42 | 733 | 756 | | | 13 | 9,5 | 155 | 35,5 | 180 | | |
| | 1139,5 | 15754 | 224,5 | 329,6 | 6240 | 9119 | 11 | 257 | 154,5 | 36,5 | 1791 | 260 | 872 | 49 | 683 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Orkuþörf | | 15.754 | 6.240 | 257 | 1.791 | 872 | 683 | 25.597 |
| Vinnubíll | 2.040 | | | | | 2.040 | | |
| Fjórhjól | 386 | | | | | 386 | | |
| | | | | | Heild | 2.426 | | 28.023 |

## 5.1 Framkvæmdir 2014

Unnið var við nauðsynlegar framkvæmdir við að bæta aðstöðu á svæðinu og auka rekstaröryggi á svæðinu. Helstu framkvæmdir voru:

- Bættur var aðbúnaður starfsmanna við mótttöku á asbesti og aukið við hlífðarbúnað til að vinna við förgun þess.
- Gerð var sérstök gorvatnshola sem tekur við vökva sem er af sláturúrgangi sem berst á svæðið.




**Gorvatn losað í sérstaka holu.**

## 6.1 Skýrsla um söfnun hauggas – frá Eflu, verkfræðistofu

Hér að neðan er skýrsla Eflu, verkfræðistofu um mælingar og gasvöktun frá 15. ágúst 2014.

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

**NORÐURÁ BS.**

## MINNISBLAÐ

| Verknúmer | Verkkaupi | Dagsetning |
|---|---|---|
| 2364-002 | Norðurá bs | 15.08.2014 |

**Verkheiti**
**Gasvöktun á urðunarstaðnum Stekkjarvík**

**Málefni**
**Mæling á gasi frá urðun**

**Sendandi**
Gunnar Svavarsson

**Dreifing**
Norðurá bs, UST

### Almennt

Á urðunarstöðum skal vakta hauggas sbr. reglugerð nr. 738/2003 um urðun og skv. starfsleyfi. Urðunarstaðurinn í Stekkjarvík hefur innbyggð gasrör í hliðum sem liggja undir úrganginn sem kominn er í hólfið og hefur gas greiða leið að rörunum. Mælistaður í gasrörunum er afmarkaður undir úrganginum með sérstökum tveim gúmílokum utan á 25 mm PE mæliröri sem þrætt er niður í gasrörin, sjá mynd að aftan.

### Mæling á gasi í Stekkjarvík 13.8.2014

Staðsetning röra sem mælt var í sjást á mynd 1 merkt G1, G2, G3, G4 og G5. Á mynd 2 sést eitt gasrör standa upp úr kanti urðunarhólfs og mælibúnaður. Í töflu 1 sjást niðurstöður mælinga og á myndum 3 og 4 sjást mælingar á skjá. Hitastig var 7°C, heiðskýrt og vindur um 4 m/s úr norðri og loftþrýstingur á Blönduósi um 1015 hPa.




**Mynd 1** Staðsetning gasmælistaða Stekkjarvík

**Tafla 1** Mælingar á gasi Stekkjarvík 2014

| Mælirör | Dags | Tími | CH4<br>% | CO2<br>% | O2<br>% | H2S<br>ppm | H2<br>ppm | P<br>mb |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| G1 | 13.8.2014 | 12:20 | 6,9 | 3,7 | 16,6 | 0 | 0 | 1008 |
| G2 | 13.8.2014 | 12:38 | 2,2 | 2,1 | 17,9 | 0 | 0 | 1008 |
| G3 | 13.8.2014 | 12:50 | 4,4 | 3,8 | 18,4 | 0 | 0 | 1007 |
| G4 | 13.8.2014 | 12:59 | 11,8 | 5,0 | 18,1 | 0 | 0 | 1007 |
| G5 | 13.8.2014 | 13:07 | 0,1 | 0,0 | 21,3 | 0 | 0 | 1007 |






**Mynd 2** (a) Gasmæling Stekkjarvík. (b) Gasmæling 1






**Mynd 3** (a) Gasmæling 2 (b) Gasmæling 3







**Mynd 4** (a) Gasmæling 4 (b) Gasmæling 5

Stekkjarvík, Blönduósbæ 25. febrúar 2015.

Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður Norðurár bs.
Fannar Viggósson, umsjónarmaður
Ágúst Þór Bragason, Tæknideild Blönduósbæjar